

Kennari	Jóhannes Árnason	johannes.arnason@vma.is	Sk.st.	JÁR
---------	------------------	-------------------------	--------	-----

### Áfangalýsing

Nemandinn kynnist byggingu og starfsemi mannlíkamans og lífeðlisfræði hans. Nemandinn á að þekkja helstu hugtök líffærafræðinnar, starfsemi frumna, vefjagerðir auk helstu líffæra og líffærakerfa. Megináhersla er lögð á byggingu og starfsemi þekjkerfisins. Farið er í líffræði sem tengist þekjkerfinu og helstu sjúkdóma sem tengjast húð, hári og nöglum. Nemendur læra að þekkja innkirtla, stoð- og hreyfikerfi. Farið er í helstu efnatengi og efnafræði líkamans. Nemendur skoða húð, hár og neglur og kynnast þeim erfðapáttum sem hafa áhrif. Nemandinn er þjálfður í höfuðnuddi og lærir um helstu slökunarpunkta á höfði til að nýta við vinnu sína \*.

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- starfsemi líkamans og lífeðlisfræði hans.
- starfsemi frumna og helstu vefjagerðum.
- helstu líffærum og líffærakerfum.
- þekjkerfinu.
- helstu sjúkdómum sem tengjast þekjkerfinu.
- helstu erfðapáttum sem tengjast húð, hári og nöglum.
- innkirtla-, stoð- og hreyfikerfi líkamans.
- höfuðnuddi við þvott á hári\*.

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- þekkja helstu sjúkdóma sem tengjast húð, hári og nöglum.
- greina erfðapætti sem hafa áhrif á húð og hár.
- nota höfuðnudd í starfi sínu\*.
- þekkja hin ýmsu efnatengi í líkamanum og tengja þekkinguna við þau efni sem nemandinn notar í starfi sínu.

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skynja og sjá tengsl milli þess sem hann sér hjá viðskiptavini sínum og þeirra verkefna sem unnin eru.
- skilja hvernig þekjkerfið vinnur, áhrif sjúkdóma á líkamann og hvernig þeir geta komið fram hjá viðskiptavini með því að tengja það ólíkum verkefnum áfangans.
- geta valið sér ákjósanlega leið í varðveislu gagna og framsetningu á efni, bæði á rafrænu og ápreifanlegu formi.

\* Þessir þættir eru teknir fyrir í verklegu námi og lítil áhersla verður lögð á þá í þessum áfanga.

### Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn. Námsmatið er í höndum kennara viðkomandi áfanga en þarf að fylgja þeim reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá VMA.

### Námsgögn:

Nemar þurfa að hafa aðgang að þessu námsefni.

**Hársnyrting, undirstöðuatriði, les- og verkefnabók. IÐNÚ 2013 / 2016, 1. útgáfa.**

Höf: Pivot Point, þýðing Margrét Ísald, Þórdís Eiríksdóttir og Jóna Dóra Óskarsdóttir  
<https://lush-hair-folk.com/hair-salon-glossary-terms/>

Hægt er að nýta ýmislegt annað efni t.d.:

**Á íslensku. Líffæra og lífeðlisfræði 1995 eftir Regínu Stefnisdóttur fyrri hluti.**

Ekki litmyndir en gott að hafa íslensku og íslensk heiti.

Mikið efni er á Moodle svæði áfangans. Ógrynni af efni á vefnum.

Introduction to the Human Body eftir Gerard J Tortora og Bryan Derricksson, ýmsar útgáfur, meðal annars (2016).

Principles of Anatomy and Physiology (Tortora) 14. útgáfa eða aðrar útgáfur

Principles of Human Anatomy (Tortora) 13. útgáfa eða aðrar útgáfur.

**Vinnubók:** Fjölrítað stoðefni og verkefni, fæst á skrifstofu VMA. **Skylda að vera með.** Kennari lætur vita hvenær vinnubókin er tilbúin.

### Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Skrifleg próf	Tvö skrifleg próf í kennslustund, 15% hvort, Pr 1 og Pr 2 .	30%	
Heimapróf	Eitt próf í Moodle, nemendur vinna í sínum tíma. Pr 3	15%	
Heimaverkefni	20 heima- og tímaverkefni sem verður að finna inn á Moodle, 15 bestu verkefni gilda, hvert verkefni gildir næstum 3 % eða 40% alls.	40%	
Vinnubók	Vinnubók sem nemar kaupa á skrifstofu VMA. Mikilvægt er að vinna í vinnubókina, <b>merkja inn á og lita myndir í henni.</b> Öll gögn á pappír úr áfanganum eiga að koma inn í vinnubókina. Við einkunnagjöf er meðal annars skoðað hvort myndir eru litaðar. Skilað á miðri önn og nærri annarlokum.	15%	
		<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

**Annað: ATH: Nemandi verður að ná a.m.k. 4.0 í meðaleinkunn úr prófunum þrem til að aðrir þættir í námsmatinu gildi. Hægt verður að endurtaka prófin ef þörf er á.**

### Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspátta:

Gert er ráð fyrir að á námsmatsdögum verði kennslustundir nema annað verði ákveðið.

Tímabil vika árs dagsetn.	Námsefni (verklegt og bóklegt) sjá ábendingar um lesefni í Moodle	Heimavinna / verkefni	Vægi námsmatspátta
34 - 36 20/8 - 6/9	Inngangur, Gerð líkamans, helstu hlutar líkamans, áttir og sneiðingar. Alþjóðleg heiti mikilvæg.	HV 1, 2, 3 og 4	4 * 3%
37 - 38 9/9 - 20/9	Bein, beinvefur og beinagrindin. Sérstök áhersla á höfuðkúpuna, herðar og handleggi.	HV 5, 6, 7 og 8 Próf 1	4 * 3% 15 %
39 - 40 23/9 - 4/10	Vöðvavefur og vöðvar. Sérstök áhersla á andlit, höfuð, háls, herðar og handleggi.	HV 9 og 10	2 * 3%
41 - 45 7/10 - 8/11	Þekjakerfi, húðin og gerð hennar. Hár, einkenni á húð. Sjúkdómar og annað sem hefur áhrif á hár og húð	HV 11, 12, 13, 14 og 15 Próf 2	5 * 3% 15 %
46 - 47 11/11 - 22/11	Frumur og vefir. Erfðir. Samvægi og ýmis lífeðlisfræðileg atriði. Örverufræði og smitvarnir.	HV 16, 17 og 18	3 * 3%
48 25/11 - 29/11	Taugakerfi og innkirtlakerfi.	HV 19 og 20 Próf 3	2 * 3% 15 %
49 - 50 1/12 - 11/12	Frágangur og vinna við efni sem ekki var lokið hjá öllum. Vinnubók skilað.	Vinnubók	15%

Heima- og tímaverkefni verkefni verða í Moodle, sum þeirra gagnvirk en önnur verða skrifleg á pappír.

Dagsetning: 16. ágúst 2024

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils